

Skotípróttasamband Íslands hefur valið eftirtalda sem Skotípróttamenn ársins 2012 :

Skotípróttakarl Ársins er: Ásgeir Sigurgeirsson úr Skotfélagi Reykjavíkur.

Hann sigraði á flestum þeim mótum sem hann keppti í á árinu hérlandis. Hann varð bæði Íslands-og Bikarmeistari í sínum greinum. Hann keppti í tveimur greinum á Ólympíuleikunum í London og varð þar í 14.sæti í Loftskammbýssu og í 32.sæti Frjálsri skammbýssu. Hann tók þátt í fjölda alþjóðlegra móta árinu. Hann varð meðal annars í öðru sæti á einu sterkasta mótinu IWK í München í janúar. Einnig hafnaði hann í 22.sæti á Evrópumeistaramótinu í Finnlandi í febrúar og í 23.sæti á Heimsbikarmótinu í München í lok maí. Ásgeir er nú í lok desember í 21.sæti á heimslistanum í Loftskammbýssunni og í 47.sæti í Frjálsri skammbýssu. Á Evrópulistanum er hann í 14.sæti í Loftskammbýssu og í 29.sæti í Frjálsri skammbýssu.

Skotípróttakona Ársins er: Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur.

Jórunn er jafnvíg á riffil og skammbýssu. Hún varð Íslandsmeistari í Loftríffli, Loftskammbýssu, Staðlaðri skammbýssu og enskum riffli. Einnig varð hún Reykjavíkumeistari í Loftskammbýssu. Hún setti Íslandsmet í Loftskammbýssu 374 stig og í enskum riffli með final 673,5 stig. Einnig jafnaði hún Íslandsmetið í Loftríffli 383 stig.